



## *Frá skrifstofu forseta Íslands*

*Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum sæmði forseti Íslands í dag, 1. janúar 2004 fjórtán Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þeir eru:*

1. Bryndís Tómasdóttir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu Parkinsonsamtakana
2. Elín Sigurlaug Sigurðardóttir húsfreyja, Torfalæk, Húnavatnssýslu, riddarakross fyrir framlag til varðveislu íslensks handverks
3. Ellert Eiríksson fv. bæjarstjóri, Reykjanesbæ, riddarakross fyrir störf að sveitarstjórnar- og félagsmálum
4. Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að ferðamálum
5. Finnbogi Eyjólfsson, Reykjavík, riddarakross fyrir frumkvöðlastarf innan bílgreinarinnar
6. Guðrún Margrét Pálsdóttir framkvæmdastjóri ABC-hjálparstarfs, Reykjavík, riddarakross fyrir líknarstörf á alþjóðavettvangi
7. Gunnar Dal heimspekingur og rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir ritstörf og framlag til íslenskrar menningar
8. Hörður Áskelsson organisti, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar
9. Margrét Gísladóttir forvörður, Kópavogi, riddarakross fyrir varðveislu textílfornmuna
10. Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður, Spáni, riddarakross fyrir afrek í íþróttum
11. Ragnheiður Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til barnahjúkrunar
12. Sigurður Guðmundsson listamaður, Kína, riddarakross fyrir listsköpun og framlag til menningar
13. Tryggvi Gíslason fv. skólameistari Menntaskólans á Akureyri, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að menntamálum
14. Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf og framlag til hátækniatvinnugreina